

**Sýnataka á Þeistareykjum í september og
október**

Gestur Gíslason, Halldór Ármannsson

Greinargerð GG-HÁ-81/07

Sýnataka á Þeistareykjum í september og október

Sýnataka

Farnar voru tvær ferðir á Þeistareyki til sýnatöku og almennra jarðhitarannsókna, 6.- 14. sept. og 25. sept til 2. okt. Hefur þá í sumar verið safnað alls 26 sýnum úr gufuaugum og eitt vatnssýni tekið.

Er þar með lokið sýnatöku á þessu ári, og eru sýnatökustaðir sýndir á meðfylgjandi korti. Ekki reyndist unnt tímans vegna að taka sýni á öllum þeim stöðum sem til stóð að safna, en þó er lokið sýnatöku á aðaljarðhitasvæðinu. Til stóð, að taka sýni af gufum sem stíga upp úr hrauninu umhverfis aðalsvæðið, og einnig gufum sem eru uppi á Bæjarfjalli, en þessir staðir eiga það sammerkt, að hiti er þar nokkuð undir 100°C. Einnig er eftir að ná sýni af gufum sem eru norðan við Þeistareykjahraun, en hiti er þar um 100°C, og er þar ummyndað berg á yfirborði og brennisteinsútfellingar. Sýnataka á þessum stöðum verður að bíða næsta sumars.

Fyrstu niðurstöður

Eins og greint var frá í greinargerð um fyrstu sýnatökuferðina á Þeistareyki (GG-HÁ-81/02) var koldíoxíð og brennisteinsvetni greint á staðnum. Reyndist þetta mögulegt með því að nýta hinn nýja söfnunarbíl jarðhitadeildar. Var þetta mjög gagnlegt þar sem hægt var að velja sýnatökustaði mun markvissar en ella. Á meðfylgjandi mynd eru dregnar inn jafnstyrkslínur koldíoxíðs í gufu. Hæstur styrkur koldíoxíðs er talinn fylgja hæstum hita, og er því stærsta hitasvæðið norðvestan við Bæjarfjall, en einnig er hár styrkur koldíoxíðs á afmörkuðu svæði vestanundir Ketilfjalli, og mældist þar reyndar mestur styrkur koldíoxíðs í gufu á svæðinu (21300 ppm). Hafa verður í huga að ýmsar breytingar geta orðið á samsetningu gufu á leið hennar til yfirborðs þannig að frekari túlkun, þegar fullnaðarefnagreining liggur fyrir, getur breytt þeirri mynd sem dregin er upp hér í þessari greinargerð.

Gestur Gíslason
Halldór Ármannsson



JHD - JEF - 6609 GG

81.10.1297 e

ÞEISTAREYKIR

Styrkur CO₂ í gufu.

SKÝRINGAR

● Sýnatökustaður

5000
Jafnstyrkur CO₂ í gufu (ppm)

0 1 km

